TÖLVUNOTKUN OG UPPLÝSINGA- OG SAMSKIPTATÆKNI

# Upplýsinga- og tæknimennt 7. bekkur

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir 7

## Lýsing

Megin viðfangsefnið eru að nemendur temji sér rétta fingrasetningu, auki leikni og hraða við vélritun, læri á ýmis forrit og vinni með margvíslega vefi. Grunnatriði í forritun verða skoðuð og haldið áfram að vinna með Google umhverfið s.s. ritvinnslu, glærugerð og tölvupósti.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, hópverkefni, einstaklingsvinna, kannanir, efniskönnun og umræður.

## Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin verður vinna í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum, verkefnaskil og kannanir.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

∗ Framúrskarandi
⋎ Hæfni náð
◇ Á góðri leið
◯ Þarfnast þjálfunar
X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi
B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
B = Góð hæfni og frammistaða
C+ = Á góðri leið
C = Sæmileg hæfni og frammistaða
D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

## VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 7. bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

## VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 7. bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
- Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.

## VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 7. bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.

## VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 7. bekk - Sköpun og miðlun

- Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

## VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 7. bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.